

14.mars 2023

Efni: Umsögn Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um Þingskjal 148 — 147. mál. á 153. Löggjafarþingi 2022 – 2023.

Ofangreind tillaga til þingsályktunar hljóðar svo: *Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að tryggja fjármuni til kaupa á nauðsynlegum tækjakosti fyrir heilsugæsluna á Egilsstöðum svo að þar sé hægt að bráðagreina til fulls heilsufar einstaklinga. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir framgangi málsins á yfirstandandi löggjafarþingi.*

Við fögnum þessari tillögu enda felst í henni skýr og sterkur vilji til að styrkja heilbrigðisþjónustu í dreifbýli sem er fagnaðarefni. Áherslur í tillögunni snúa að fjármögnun kaupa á tækjabúnaði til að hægt verði að „...bráðagreina til fulls heilsufar einstaklinga“ eins og það er orðað. Í greinargerðinni er nánar fjallað um nefndan tækjabúnað og þar segir m.a. „Þar sárvantar sneiðmyndataeki og fleiri smærri tæki til að vita stöðu heilsufars á sem skemmstum tíma. Mikilvægt er að sérfræðingar í bráðþjónustu ráðleggi á hvaða tækjabúnaði sé einnig nauðsynlegt að festa kaup til þess að hægt sé að bregðast fljótt við með fullbráðagreiningu“

Í heilsugæslu í dreifðum byggðum hefur bráðþjónusta lengstum að mestu verið á hendi lækna. Í árána rás hefur aðkoma og vægi annars fagfólks í alvarlegri tilvikum aukist og þá ekki síst sjúkraflutningafólks og hjúkrunarfræðinga. Líkt og önnur heilbrigðisþjónusta hefur bráðþjónusta þróast á þann veg að vera í vaxandi mæli teymisvinna fagfólks með mismunandi heilbrigðisfaglegt nám að baki. Við teljum brýnt að styrkja bráðþjónustu á Austurlandi og vinnum þegar að því til langs tíma. Áherslur okkar hafa sérstaklega beinst að því fagfólki sem sinnir bráðþjónustunni, að fjölga hlekkjum og styrkja í þeirri keðju. Það var m.a. í þeim tilgangi sem tvær rannsóknardeildir innan HSA voru sameinaðar í eina fyrir nokkrum árum og stefnt er að því að gera hið sama varðandi tvær myndgreiningadeildir um komandi áramót. Í báðum tilvikum var/er um það að ræða tvær deildir (Neskaupstaður og Egilsstaðir) sem sameinast í eina í þeim tilgangi að starfskraftar nýtist betur, en áfram verða starfsstöðvar á báðum stöðum. Þá var á Egilsstöðum frá byrjun nýliðins sumars sett upp vaktalína hjúkrunarfræðinga sem vinna með læknum utan dagvinnu. Auk þess teljum við brýnt að setja upp slíkar vaktalínur fyrir lífeindafræðinga og geislafræðinga líka. Með vísan í framansagt teldum við að á þessu stigi ættu áherslur til styrkingar bráðþjónustu á Egilsstöðum í fyrsta lagi að vera á mönnun (human factors og nontechnical skills) og í öðru lagi á tækjabúnað (technical skills) en þetta tvennt er hvorutveggja mikilvægt. Eflingu þess

fyrirnefnda í bráðabjónustu teljum við vera nauðsynleg forsenda þess síðarnefnda.

Því teldum við umrædda tillögu betur þjóna hagsmunum íbúa Austurlands hvað varðar það að efla bráðabjónustu ef hún hljóðaði svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að tryggja fjármuni til stofnunar og reksturs bráðadeildar á Heilsugæslunni á Egilsstöðum. Í fyrsta skrefi með áherslu á starfrækslu vaktlína fagfólks, ekki bara læknis, heldur hjúkrunarfræðings, geislafræðings og lífeindafræðings. Í öðru skrefi til kaupa á nauðsynlegum tækjakosti fyrir heilsugæsluna á Egilsstöðum svo að þar sé hægt að bráðagreina til fulls heilsufar einstaklinga. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir framgangi málsins á yfirstandandi löggjafarþingi.

Guðjón Hauksson

Guðjón Hauksson
Forstjóri HSA